

## Fyrirspurn

til matvælaráðherra um greiningu á matvælaframboði  
á Íslandi næstu 12 mánuði.

Frá Ernu Bjarnadóttur.

1. Hefur ráðherra aflað upplýsinga um eða látið gera framleiðsluspár fyrir landbúnaðarvörur sem framleiddar eru hér á landi til næstu 12 mánaða í ljósi ört hækkandi matvæla- og aðfangaverðs í heiminum?
2. Hvernig líta slíkar framleiðsluspár út og hvaða þættir sýna slíkar greiningar að geti haft hvað mest áhrif á að út af geti brugðið?
3. Hefur ráðherra aflað upplýsinga um birgðir helstu framleiðsluvara í landinu hjá afurðastöðvum og horfur um birgðabreytingar?
4. Telur ráðherra að grípa þurfi til frekari ráðstafana til að tryggja framboð búvara og afkomu bænda á komandi mánuðum? Ef svo er, hvaða leiðir hafa verið til skoðunar?

Skriflegt svar óskast.